

## **Ályktun um kjaramál**

### **Markviss vinna við samningaborðið**

Fjórða þing Kennarasambands Íslands, haldið í Reykjavík dagana 9. til 11. apríl 2008, telur mikilvægt að kjaraviðræðum sem nú standa yfir og þeim sem teknar verða upp síðar ljúki með undirritun samninga áður en gildandi kjarasamningar renna út. Þingið telur óviðunandi að samningaviðræður dragist á langinn og verði þess valdandi að félög séu samningslaus mánuðum saman.

### **Metum kennarastarfið að verðleikum**

Launaþróun í stéttinni hefur verið slök. Ef byggja á upp nauðsynlegan stöðugleika í starfsmannahaldi skólanna þarf að bæta laun kennara. Þingið fagnar ítrekuðum ummælum Menntamálaráðherra um nauðsyn þess að hækka laun kennara.

### **Mennt er máttur**

Menntun er ein arðbærasta fjárfesting sem um getur og mikilvægt að hlúa að henni bæði í mótbyr og meðbyr. Glötuð tækifæri til menntunar í æsku verða ekki bætt að fullu síðar. Ríki og sveitarfélög eru hvött til að taka höndum saman um aukin framlög til menntamála til að tryggja gæði skólastarfs.

### **Jafnrétti til náms**

Fjórða þing Kennarasambands Íslands, haldið í Reykjavík dagana 9. til 11. apríl 2008 leggur áherslu á að öllum nemendum verði tryggð menntun til 18 ára aldurs.

### **Stöndum vörð um kaupmáttinn**

Ekki er hægt að horfa aðgerðalaus á kaupmátt falla og nauðsynlegt er að leita allra leiða til að launahækkunar skili sér í bættum kjörum.